

KJARASAMNINGUR

milli

Rafiðnaðarsambands Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins vegna RARIK ohf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning SA vegna RARIK ohf. og Rafiðnaðarsambands Íslands.

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var milli SA og sambanda og félaga ASÍ í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna árána 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

4. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings:

Ný gr. 2.10 um vaktavinnu komi inn í kjarasamning og aðrar greinar færast neðar:

- 2.10.1 Þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum eða vinna hluta af vikulegri vinnuskyldu sinni utan dagvinnutímabils, skulu fá vaktaálag fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutímabils. Að jafnaði skulu vaktir vera á bilinu 4 til 10 klst. Heimilt er að semja um aðra tímalengd vakta.
- 2.10.2. Greiðslur fyrir vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi. Álagsgreiðsla skal vera:
33% kl. 17:00 – 24:00 mánudaga – fimmtudaga
55% kl. 17:00 – 24:00 föstudaga
55% kl. 00:00 – 08:00 mánudaga til föstudaga
55,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídag
90,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. 2.2.3
- Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.
- 2.10.3 Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram mánuði áður en fyrsta "vakt" samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Sama gildir um breytingu á eldri vaktskrá.
- 2.10.4 Við samningu vaktskrár skal þess gætt að helgidagavinna skiptist sem jafnast á starfsmenn.
- 2.10.5 Skipulagi vaktavinnu skal haga þannig að starfsmenn fái að jafnaði tvo samfellda frídaga í viku.
- 2.10.6 Falli frídagur vaktavinnumanna skv. vaktskrá á sérstakan frídag eða stórhátíðardag frá mánudegi til föstudags skal hann bættur með öðrum frídegi eða greiðslu 7,2 st. í yfirvinnu. Falli sérstakur frídagur eða stórhátíðardagur á laugardag (þó að undanskildum laugardeginum fyrir páska) eða sunnudag skal hann hvorki bættur með öðrum frídegi né yfirvinnugreiðslu.
- 2.10.7 Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins, getur í stað greiðslna skv. gr. 2.10.8. fengið frí á óskertum föstum launum í 80 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað skal auk þess launa með vaktaálagi skv. gr. 2.10.2, sé þessi kostur valinn. Ávinnsla leyfisins miðast við almanaksárið. Starfsmaður sem óskar að breyta vali sínu á milli leyfis og greiðslu, skal tilkynna það skriflega fyrir 1. des. næst á undan. Ávinnslutímabilið er almanaksárið, þ.e. 1. jan. til og með 31. des. Leyfi þessi ber að taka utan sumarorlofstímabilsins, sem er 15. maí til og með 30. sept. Ekki er heimild til að flytja leyfi þessi milli ára.
- 2.10.8 Aðilar eru sammála um, að þeir vaktavinnumenn, sem eigi notfæra sér eða njóta heimilda skv. gr. 2.10.7, eigi kost á svofelldum uppgjörsmáta; Greitt verði skv. vaktskrá yfirvinnukaup (tímakaup) fyrir vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum þó aldrei minna en 7,2 klst. fyrir hvern merktan vinnudag. Bættur skal hver dagur, sem

ekki er merktur vinnudagur á vaktskrá og fellur á sérstakan frídag eða stórhátíðardag, annan en laugardag eða sunnudag (laugardagur fyrir páska undanskilinn) með greiðslu yfirvinnukaups í 7,2 klst. eða með öðrum frídegi. Falli frídagur vaktavinnumanns samkvæmt vaktskrá á tímabilinu frá mánudegi til föstudags á sérstaka frídaga eða stórhátíðardaga, svo og á laugardaginn fyrir páska, skal hann bættur með öðrum frídegi eða með yfirvinnukaupi í 7,2 klst. fyrir hvern frídag. Falli sérstakur frídagur eða stórhátíðardagur á laugardag, (að undanskildum laugardeginum fyrir páska) eða sunnudag, er hann hvorki bættur með öðrum frídegi né greiðslu.

2.10.9 Starfsfólk í vaktavinnu hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfans vegna. Vegna takmörkunar þeirra, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum skal telja hverja vakt, sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu, 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam.

2.10.10 Vinni vaktavinnumenn yfirvinnu eða aukavakt, skal til viðbótar unnum tíma greiða 12 mínútur fyrir hvern fullan unninn klukkutíma, nema starfsmaður taki matar- eða kaffitíma á vaktinni. Skulu þá þeir matar- og kaffitímar teljast til vinnutímans allt að 12 mínútur fyrir hvern unninn klukkutíma.

Ferða- og fataskiptagjald

4. mgr. gr. 3.01 verður svohljóðandi:

Greiðsla fyrir ferðir og fataskipti er innifalín í mánaðarlaunum starfsmanns fyrir dagvinnu og sá tími telst því ekki til virks vinnutíma.

Lágmarksorlof iðn- og fagmenntaðra verður 25 dagar (10,64%)

Eftirfarandi breytingar verða á orlofsákvæði kjarasamnings frá og með 1. maí 2024:

Iðn- og fagmenntaðir njóta 1 dags vetrarorlofs við ráðningu og 10,64% orlofsfés af yfirvinnu og álagsgreiðslum.

Breytt vinnufyrirkomulag

Frá og með 1.7.2024 verður breyting á reglulegum vinnutíma starfsfólks sem felur í sér fækkun á yfirvinnustundum. Til að koma til móts tekjutap starfsfólks af breytingunni eru launataxtar hækkaðir sérstaklega við sama tímamark.

Yfirvinna

Þann 1. september 2025 verður eftirfarandi breyting á ákvæðum kjarasamningsins um yfirvinnu 1 og 2:

Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 39 klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (169 virkar klst. m.v. meðalmánuð).

5. gr.

Samningsforsendur

Um samningsforsendur, breytingar á samningsákvæðum og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði almennum kjarasamningum sagt upp skal uppsögn einnig ná til þessa samnings.

KM

PM

Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 25. júní 2024.

Reykjavík, 14. júní 2024

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Kristján Þórtósson

F.h. RARIK ehf.

Kristján Magnússon
Ólafur G. Halldórsson

Launatafla 1.2.2024

Launaflokkur	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Þrep 5
150	555.692	563.502	571.429	579.474	587.642
151	561.565	569.462	577.479	585.616	593.874
152	567.511	575.498	583.605	591.833	600.185
153	573.532	581.610	589.808	598.129	606.576
154	579.630	587.797	596.089	604.504	613.047
155	585.802	594.063	602.448	610.959	619.598
156	592.053	600.408	608.887	617.496	626.232
157	598.381	606.831	615.408	624.114	632.949
158	604.789	613.335	622.010	630.814	639.751
159	611.278	619.921	628.694	637.600	646.638
160	617.848	626.591	635.464	644.471	653.612
161	624.501	633.343	642.318	651.426	660.673
162	631.238	640.180	649.257	658.470	667.821
163	638.057	647.103	656.284	665.603	675.061
164	644.964	654.112	663.399	672.824	682.391
165	651.957	661.211	670.604	680.136	689.813
166	659.037	668.397	677.899	687.540	697.329
167	666.208	675.675	685.284	695.038	704.938
168	673.467	683.043	692.763	702.629	712.642
169	680.817	690.504	700.337	710.316	720.445
170	688.261	698.059	708.005	718.099	728.343
171	695.797	705.709	715.769	725.979	736.343
172	703.428	713.454	723.630	733.959	744.442
173	711.155	721.296	731.590	742.038	752.643
174	718.978	729.238	739.650	750.220	761.156
175	726.900	737.278	747.811	758.632	769.836
176	734.922	745.420	756.125	767.293	778.628
177	743.043	753.663	764.764	776.062	787.527
178	751.267	762.253	773.513	784.941	796.539
179	759.760	770.980	782.371	793.932	805.665
180	768.465	779.817	791.339	803.034	814.905
181	777.279	788.764	800.421	812.252	824.261
182	786.206	797.823	809.615	821.585	833.733
183	795.243	806.997	818.926	831.034	843.325
184	804.393	816.285	828.354	840.605	853.038
185	813.660	825.689	837.900	850.293	862.873
186	823.041	835.213	847.565	860.105	872.830
187	832.541	844.853	857.353	870.037	882.914
188	842.161	854.619	867.262	880.097	893.123
189	851.900	864.504	877.296	890.280	903.460
190	861.762	874.513	887.456	900.594	913.928

hks

pm

Launatafla 1.7.2024

Launaflokkur	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Þrep 5
150	595.561	603.932	612.427	621.050	629.804
151	601.856	610.319	618.911	627.632	636.483
152	608.228	616.788	625.477	634.295	643.246
153	614.681	623.339	632.125	641.043	650.096
154	621.217	629.970	638.857	647.875	657.031
155	627.832	636.685	645.672	654.793	664.052
156	634.531	643.485	652.573	661.800	671.162
157	641.313	650.369	659.562	668.892	678.361
158	648.181	657.340	666.637	676.073	685.651
159	655.135	664.398	673.801	683.346	693.032
160	662.177	671.547	681.057	690.710	700.507
161	669.307	678.783	688.402	698.164	708.074
162	676.527	686.111	695.839	705.713	715.735
163	683.836	693.531	703.370	713.358	723.495
164	691.238	701.043	710.996	721.097	731.351
165	698.733	708.651	718.718	728.934	739.305
166	706.321	716.352	726.536	736.869	747.360
167	714.006	724.153	734.451	744.905	755.515
168	721.786	732.049	742.467	753.041	763.772
169	729.664	740.046	750.584	761.279	772.135
170	737.642	748.143	758.802	769.620	780.599
171	745.718	756.342	767.123	778.066	789.173
172	753.897	764.642	775.548	786.618	797.854
173	762.178	773.047	784.079	795.277	806.643
174	770.563	781.559	792.718	804.046	815.767
175	779.053	790.176	801.464	813.062	825.069
176	787.650	798.902	810.375	822.344	834.492
177	796.354	807.736	819.634	831.742	844.030
178	805.168	816.942	829.010	841.258	853.688
179	814.271	826.296	838.504	850.894	863.469
180	823.600	835.767	848.115	860.649	873.372
181	833.046	845.355	857.849	870.529	883.399
182	842.614	855.064	867.702	880.531	893.551
183	852.299	864.897	877.682	890.658	903.831
184	862.106	874.851	887.786	900.916	914.241
185	872.038	884.930	898.017	911.299	924.782
186	882.092	895.137	908.375	921.815	935.453
187	892.273	905.469	918.866	932.460	946.260
188	902.584	915.935	929.485	943.241	957.202
189	913.021	926.530	940.239	954.155	968.281
190	923.591	937.257	951.128	965.209	979.500

KP

PM

Launatafla 1.1.2025

Launaflokkur	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Þrep 5
150	619.311	627.682	636.177	644.800	653.554
151	625.606	634.069	642.661	651.382	660.233
152	631.978	640.538	649.227	658.045	666.996
153	638.431	647.089	655.875	664.793	673.846
154	644.967	653.720	662.607	671.625	680.781
155	651.582	660.435	669.422	678.543	687.802
156	658.281	667.235	676.323	685.550	694.912
157	665.063	674.119	683.312	692.642	702.111
158	671.931	681.090	690.387	699.823	709.649
159	678.885	688.148	697.551	707.263	717.288
160	685.927	695.297	704.894	714.885	725.025
161	693.057	702.540	712.496	722.600	732.857
162	700.277	710.125	720.193	730.413	740.786
163	707.770	717.805	727.988	738.326	748.817
164	715.431	725.580	735.881	746.335	756.948
165	723.189	733.454	743.873	754.447	765.181
166	731.042	741.424	751.965	762.659	773.518
167	738.996	749.498	760.157	770.977	781.958
168	747.049	757.671	768.453	779.397	790.504
169	755.202	765.948	776.854	787.924	799.160
170	763.459	774.328	785.360	796.557	807.920
171	771.818	782.814	793.972	805.298	816.794
172	780.283	791.404	802.692	814.150	825.779
173	788.854	800.104	811.522	823.112	834.876
174	797.533	808.914	820.463	832.188	844.319
175	806.320	817.832	829.515	841.519	853.946
176	815.218	826.864	838.738	851.126	863.699
177	824.226	836.007	848.321	860.853	873.571
178	833.349	845.535	858.025	870.702	883.567
179	842.770	855.216	867.852	880.675	893.690
180	852.426	865.019	877.799	890.772	903.940
181	862.203	874.942	887.874	900.998	914.318
182	872.105	884.991	898.072	911.350	924.825
183	882.129	895.168	908.401	921.831	935.465
184	892.280	905.471	918.859	932.448	946.239
185	902.559	915.903	929.448	943.194	957.149
186	912.965	926.467	940.168	954.079	968.194
187	923.503	937.160	951.026	965.096	979.379
188	934.174	947.993	962.017	976.254	990.704
189	944.977	958.959	973.147	987.550	1.002.171
190	955.917	970.061	984.417	998.991	1.013.783

KP

PM

Launatafla 1.1.2026

Launaflokkur	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4	Prep 5
150	643.061	651.432	659.927	668.550	677.304
151	649.356	657.819	666.411	675.132	683.983
152	655.728	664.288	672.977	681.795	690.746
153	662.181	670.839	679.625	688.543	697.596
154	668.717	677.470	686.357	695.375	704.608
155	675.332	684.185	693.172	702.293	711.875
156	682.031	690.985	700.073	709.544	719.234
157	688.813	697.869	707.228	716.884	726.685
158	695.681	704.928	714.551	724.317	734.487
159	702.646	712.233	721.965	732.017	742.393
160	709.934	719.632	729.565	739.906	750.401
161	717.314	727.129	737.433	747.891	758.507
162	724.787	734.979	745.400	755.977	766.714
163	732.542	742.928	753.468	764.167	775.026
164	740.471	750.975	761.637	772.457	783.441
165	748.501	759.125	769.909	780.853	791.962
166	756.628	767.374	778.284	789.352	800.591
167	764.861	775.730	786.762	797.961	809.327
168	773.196	784.189	795.349	806.676	818.172
169	781.634	792.756	804.044	815.501	827.131
170	790.180	801.429	812.848	824.436	836.197
171	798.832	810.212	821.761	833.483	845.382
172	807.593	819.103	830.786	842.645	854.681
173	816.464	828.108	839.925	851.921	864.097
174	825.447	837.226	849.179	861.315	873.870
175	834.541	846.456	858.548	870.972	883.834
176	843.751	855.804	868.094	880.915	893.928
177	853.074	865.267	878.012	890.983	904.146
178	862.516	875.129	888.056	901.177	914.492
179	872.267	885.149	898.227	911.499	924.969
180	882.261	895.295	908.522	921.949	935.578
181	892.380	905.565	918.950	932.533	946.319
182	902.629	915.966	929.505	943.247	957.194
183	913.004	926.499	940.195	954.095	968.206
184	923.510	937.162	951.019	965.084	979.357
185	934.149	947.960	961.979	976.206	990.649
186	944.919	958.893	973.074	987.472	1.002.081
187	955.826	969.961	984.312	998.874	1.013.657
188	966.870	981.173	995.688	1.010.423	1.025.379
189	978.051	992.523	1.007.207	1.022.114	1.037.247
190	989.374	1.004.013	1.018.872	1.033.956	1.049.265

KM

PM

Launatafla 1.1.2027

Launaflokkur	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Þrep 5
150	666.811	675.182	683.677	692.300	701.054
151	673.106	681.569	690.161	698.882	707.922
152	679.478	688.038	696.727	705.658	714.922
153	685.931	694.589	703.412	712.642	722.012
154	692.467	701.220	710.379	719.713	729.269
155	699.082	708.131	717.433	726.873	736.791
156	705.902	715.169	724.576	734.378	744.407
157	712.921	722.294	731.981	741.975	752.119
158	720.030	729.600	739.560	749.668	760.194
159	727.239	737.161	747.234	757.638	768.377
160	734.782	744.819	755.100	765.803	776.665
161	742.420	752.579	763.243	774.067	785.055
162	750.155	760.703	771.489	782.436	793.549
163	758.181	768.930	779.839	790.913	802.152
164	766.387	777.259	788.294	799.493	810.861
165	774.699	785.694	796.856	808.183	819.681
166	783.110	794.232	805.524	816.979	828.612
167	791.631	802.881	814.299	825.890	837.653
168	800.258	811.636	823.186	834.910	846.808
169	808.991	820.502	832.186	844.044	856.081
170	817.836	829.479	841.298	853.291	865.464
171	826.791	838.569	850.523	862.655	874.970
172	835.859	847.772	859.864	872.138	884.595
173	845.040	857.092	869.322	881.738	894.340
174	854.338	866.529	878.900	891.461	904.455
175	863.750	876.082	888.597	901.456	914.768
176	873.282	885.757	898.477	911.747	925.215
177	882.932	895.551	908.742	922.167	935.791
178	892.704	905.759	919.138	932.718	946.499
179	902.796	916.129	929.665	943.401	957.343
180	913.140	926.630	940.320	954.217	968.323
181	923.613	937.260	951.113	965.172	979.440
182	934.221	948.025	962.038	976.261	990.696
183	944.959	958.926	973.102	987.488	1.002.093
184	955.833	969.963	984.305	998.862	1.013.634
185	966.844	981.139	995.648	1.010.373	1.025.322
186	977.991	992.454	1.007.132	1.022.034	1.037.154
187	989.280	1.003.910	1.018.763	1.033.835	1.049.135
188	1.000.710	1.015.514	1.030.537	1.045.788	1.061.267
189	1.012.283	1.027.261	1.042.459	1.057.888	1.073.551
190	1.024.002	1.039.153	1.054.533	1.070.144	1.085.989

KM

þ m

Launatafla 1.1.2027

Launaflokkur	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Þrep 4	Þrep 5
150	666.811	675.182	683.677	692.300	701.054
151	673.106	681.569	690.161	698.882	707.922
152	679.478	688.038	696.727	705.658	714.922
153	685.931	694.589	703.412	712.642	722.012
154	692.467	701.220	710.379	719.713	729.269
155	699.082	708.131	717.433	726.873	736.791
156	705.902	715.169	724.576	734.378	744.407
157	712.921	722.294	731.981	741.975	752.119
158	720.030	729.600	739.560	749.668	760.194
159	727.239	737.161	747.234	757.638	768.377
160	734.782	744.819	755.100	765.803	776.665
161	742.420	752.579	763.243	774.067	785.055
162	750.155	760.703	771.489	782.436	793.549
163	758.181	768.930	779.839	790.913	802.152
164	766.387	777.259	788.294	799.493	810.861
165	774.699	785.694	796.856	808.183	819.681
166	783.110	794.232	805.524	816.979	828.612
167	791.631	802.881	814.299	825.890	837.653
168	800.258	811.636	823.186	834.910	846.808
169	808.991	820.502	832.186	844.044	856.081
170	817.836	829.479	841.298	853.291	865.464
171	826.791	838.569	850.523	862.655	874.970
172	835.859	847.772	859.864	872.138	884.595
173	845.040	857.092	869.322	881.738	894.340
174	854.338	866.529	878.900	891.461	904.455
175	863.750	876.082	888.597	901.456	914.768
176	873.282	885.757	898.477	911.747	925.215
177	882.932	895.551	908.742	922.167	935.791
178	892.704	905.759	919.138	932.718	946.499
179	902.796	916.129	929.665	943.401	957.343
180	913.140	926.630	940.320	954.217	968.323
181	923.613	937.260	951.113	965.172	979.440
182	934.221	948.025	962.038	976.261	990.696
183	944.959	958.926	973.102	987.488	1.002.093
184	955.833	969.963	984.305	998.862	1.013.634
185	966.844	981.139	995.648	1.010.373	1.025.322
186	977.991	992.454	1.007.132	1.022.034	1.037.154
187	989.280	1.003.910	1.018.763	1.033.835	1.049.135
188	1.000.710	1.015.514	1.030.537	1.045.788	1.061.267
189	1.012.283	1.027.261	1.042.459	1.057.888	1.073.551
190	1.024.002	1.039.153	1.054.533	1.070.144	1.085.989

KM

PM

Bókun með kjarasamningi dags. 14. júní 2024 um styttingu á fastri yfirvinnu og tímaskrift (ekki til dreifingar)

Með kjarasamningi þessum er hluti ráðningarsamningsbundinna kjara og tímaskriftar færður inn í nýja og hærri launatöflu. Tilfærsla er mismunandi milli starfshópa.

Vinnuflokkar RARIK

Vinnutími hjá vinnuflokkum rafiðnaðarmanna hjá RARIK hefur verið frá kl. 08:00 – 17:00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 08:00 – 13:30 á föstudögum. Hádegishlé er 30 mín. og telst ekki til vinnutíma en vinnuflokkum er eftir atvikum einnig heimilt að fella niður hádegishlé og ljúka störfum kl. 13:00 á föstudögum. Kaffihlé eru ekki tekin. Tímaskrift fyrir þessa vinnu hefur á grundvelli samkomulags við starfsmenn sem nemur 8 klst. í dagvinnu og 1 klst. í yfirvinnu mánudaga til fimmtudaga og 5 klst. í dagvinnu á föstudögum. Samtals 36 klst. á viku í dagvinnu og 4 klst. í yfirvinnu (m.v. vinnu alla vikuna).

Virkur vinnutími skv. ofanskráðu hefur verið 8,5 klst. mánudaga til fimmtudaga og 5 klst. á föstudögum. Samtals 39 klst. á viku.

Samkomulag er um að föst unnin yfirvinna verði frá og með 1. júlí 2024 2 klst. að jafnaði á viku (8,66 klst. að meðaltali á mánuði). Virkur fastur vinnutími hjá vinnuflokkum verður því 38 virkar vinnustundir að jafnaði á viku. Fasta yfirvinnan vinnst fyrir kl. 18:00 mánudaga til fimmtudaga nema samkomulag sé um annað. Tímaskrift mun verða í samræmi við það sem áskilið er í kjarasamningi og því fer virkur (unnin) vinnutími og skrifaður vinnutími saman. Samhliða styttingu á fastri yfirvinnu og breytingu á tímaskrift hækka launataxtar við sama tímapunkt um 7,17%.

Frá og með 1. júlí verður því sú breyting á tímaskrift hjá vinnuflokkum, þegar unnið er frá kl. 08:00 – 17:00, að skrifuð verður 0,75 klst. í yfirvinnu í stað 1 klst. áður og greiðsla fyrir skrifaða yfirvinnu umfram nýja tímaskrift verði færð inn í grunnlaun.

Eftir breytingu gæti full vinnuvika hjá vinnuflokkum rafiðnaðarmanna hjá RARIK t.d. verið frá kl. 08:00 – 17:00 frá mánudegi – miðvikudags, 08:00 – 16:00 á fimmtudegi og 08:00 – 13:30 á föstudögum.

Verkstjórnendur/yfirmenn geta ráðstafað vikulegri fastri yfirvinnu (2 klst.) m.t.t. verkefna innan mánaðar eða tímaskráningartímabils.

Fastlaunamenn / föst yfirvinna

Föstum yfirvinnustundum starfsmanna, sem ekki starfa í vinnuflokkum, fækkar um 8,66 á mánuði.

Fastlaunamenn, sem ekki taka röðun skv. launatöflu, fá viðbótarhækkun sem nemur metnum meðalkostnaði við upptöku nýrrar launatöflu, 0,8% frá og með 1. júlí 2024.

Stjórnstöð

Starfsmenn í stjórnstöð njóta í dag hærri röðunar í launatöflu í stað fastra greiðslna. Til að koma til móts við sérstaka hækkun launatöflunnar er samkomulag um að þeir muni ráðast þremur flokkum neðar í nýrri launatöflu en nú er gert skv. persónubundnum samningum.

Fyrirvari vegna breytinga á ráðningarsamningsbundnum kjörum / vinnutíma

Kjósi starfsmaður að halda núgildandi tímaskrift / föstum yfirvinnustundum / röðun í launaflokk skal hann tilkynna RARIK um það eigi síðar en 25. júní 2024. Hann mun þá halda núgildandi tímaskrift / föstum yfirvinnustundum / launaflokkaröðun en verður þá ekki raðað inn í nýja launatöflu kjarasamnings þessa. Laun hækka þá í samræmi við almenna launahækkun kjarasamningsins. Starfsmaður, sem nýtir þessa heimild, getur síðar óskað þess að vera raðað inn í nýja launatöflu, með þeim breytingum á kjörum sem bókun þessi felur í sér, og tekur sú breyting gildi frá næstu mánaðamótum eftir að beiðni kemur skriflega fram.

KPI

PM

Bókun með kjarasamningi dags. 14. júní 2024 um bakvaktir og fjarlausnir (ekki til dreifingar)

Starfsmenn sem skipaðir eru tímabundið á bakvakt, t.d. vegna slæmrar veðurspár skrifa tíma fyrir bakvakt á sama máta eftir því hvenær þeir eru á bakvakt.

Starfsmenn geta verið sendir frá útgerðarstað til annarra starfsstöðva t.d. vegna slæmrar veðurspár eða annarra orsaka og er þeim ætlað að vera þar tiltækir ef til straumleysis kemur eða annarra aðgerða verður þörf í kerfum RARIK. Í slíkum tilvikum skrifast bakvaktir samkvæmt framansögðu og unnin vinna skrifast samkvæmt kjarasamningi þó aldrei skemur en 3 klst. á virkum dögum og 5 klst. um helgar.

Starfsmenn sem þurfa að sinna verkefnum heiman frá með fjarlausnum, hvort sem starfsmaður er á bakvakt eða ekki, fá greitt samkvæmt greinum í kjarasamningum um greiðslu yfirvinnu enda flokkast slík vinna ekki sem hefðbundin útköll þar sem starfsmenn þurfa ekki að fara að heiman til þess að sinna verkefnum.

Greitt er fyrir unninn tíma en þó að lágmarki sem hér segir eftir því hvenær slík vinna er unnin á sólarhring og hvaða daga. Greiðsla tekur til eins eða fleiri tilvika sem inna þarf af hendi innan greiðslutímabils.

19:00 – 24.00	2 klst.
00:00 – 07:00	3 klst.
07:00 – 08:00	2 klst.
Helgar og aðra frídaga	3 klst.

Gert verður upp m.v. framangreint fyrirkomulag frá og með 1. febrúar 2023 þegar stjórnstöð tók til starfa.

Starfsfólki stjórnstöðvar stendur til boða nauðsynlegur aðbúnaður til að geta sinnt vinnu með fjarlausnum á bakvakt, þ. á m. viðeigandi skrifstofustóll.

RM

RM

